

## 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á honum í ríkissjóð eftir fyrirætlum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

## 4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast gildi 1. ágúst 1993 og gildir til 31. október 1993. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 243/1992.

*Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Ingibjörg Þorsteinsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um rannsóknastöðu í fornleifafraeði við Þjóðminjasafn Íslands  
í minningu dr. Kristjáns Eldjárns.**

## 1. gr.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknastaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, og er hún stofnuð 6. desember 1986, þegar liðin eru 70 ár frá fæðingu hans.

## 2. gr.

Staðan er ætluð fræðimönnum er sinna rannsóknum á íslenskum fornminjum eða öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu sem falla undir verksvið Þjóðminjasafnsins.

Þeir sem stöðunni gegna taka laun sem lausráðnir sérfræðingar eftir sérstöku samkomulagi við Þjóðminjasafn Íslands eftir því sem fjárveitingar til stofnunarinnar leyfa.

## 3. gr.

Ráðið skal í stöðuna til eins árs að jafnaði, og má framlengja ráðningu um allt að eitt ár í senn. Þó verði ráðningartími aldrei lengri en þrjú ár samfellt. Staðan skal auglýst, og ræður menntamálaráðherra í hana að fenginni tillögu þjóðminjavarðar.

## 4. gr.

Að ráðningartímabili loknu skal sérfræðingurinn birta fræðilega skýrslu eða vísindalega ritgerð um rannsóknir sínar.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt þjóðminjalögum, nr. 88/1989, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 491/1986.

*Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1993.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*